

EFTIRLITSSKÝRSLA

Gámaþjónusta Norðurlands Rangárvöllum, Akureyri



Dags eftirlits	19.8.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Gámaþjónusta Norðurlands	Fulltrúi UST	
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6112932169	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar skil á grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Uppfærð neyðaráætlun var afhent í eftirliti og afrit af uppfærðri viðbragðsáætlun var send eftirlitsaðila með tölvupósti.

Engin mengunarslys eða óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti en kvartanir vegna fuglagers hafa borist. Rekstraraðili hefur verið í vandræðum með fugl sem heldur til á þaki flokkunarstöðvarinnar og að hluta til inn í henni. Verið er að leita leiða til að sporna við þessu en fuglinn er klókur og erfitt að eiga við hann. Rekstraraðili reynir að halda honum í skefjum með því að loka skemmuhurðum ef starfsfólk er ekki við vinnu s.s. í hléum og matartímum og varna því að fuglinn komist í æti en það hefur lítið dugað hingað til.

Verklýsingar eru til staðar og starfsleyfi er aðgengilegt starfsmönnum.

Tryggingar v. bráðamengunar hafs og stranda eru hjá Sjóvá og sendir rekstraraðili afrit af nýjasta skirteininu til eftirlitsaðila.

Söfnunarpró er losuð u.þ.b. tvisvar sinnum á ári af viðurkenndum verktökum.

Rekstraraðili afhendir viðskiptavinum sínum kvittanir fyrir móttöku úrgangs.

Merkingar íláta voru í lagi og stöðin var snyrtileg á að líta.

Minnt er á að öll gögn skuli send á ust@ust.is, sem og á netfang eftirlitsmanns.

Frávik frá

Gr 5.5 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Bókhaldið barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 21. ágúst sl.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur fengið ISO 14001 vottun og vinnur eftir kröfum hennar.

Fráveita er sameiginleg fyrir flokkunarhús og spilliefnamóttökuna.

Rætt var um ábyrgð á móttöku olíumengaðs úrgangs og nauðsyn þess að það sé í ákveðnum farvegi. Kostnaður við meðferð og móttöku sandblandaðrar olíu getur verið mjög mikill og ekki á hreinu hver á að bera þann kostnað. Óskaði rekstraraðili eftir umræðu um þessi mál.

María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var viðstödd eftirlitið.

Reykjavík,

24.08.2015

Guðbjörg Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.